# Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna ................ 1

Áritun stjórnar ................................................ 2

Skýrsla stjórnar .............................................. 3

Rekstrarreikningur .......................................... 4

Efnahagsreikningur .......................................... 5

Sjóðstreymi ................................................... 6

Skýringar ...................................................... 7

# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning kraftlyftingadeildar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn félagsins staðfesta hér með ársreikning kraftlyftingadeildar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Álfþórsson

# Áritun stjórnar

Stjórn kraftlyftingadeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

| | |
|---|---|
| Erla Kristín Árnadóttir | Borghildur Erlingsdóttir |
| Hulda Pjetursdóttir | Brynhildur Björnsdóttir |
| Ingimundur Björgvinsson | Agnes Amelía Kristjónsdóttir |

# Skýrsla stjórnar
# Kraftlyftingadeild Gróttu 2015

Kraftlyfingaár Gróttu byrjaði með Íslandsmótinu í bekkpressu í janúar þar sem Fanney Hauksdóttir varð stigahæst kvenna og setti jafnframt nýtt íslandsmet í sínum flokki. Samhliða íslandsmótinu var jafnframt keppt á Reykjavíkurleikunum (RIG) þar sem Grótta átti tvo keppendur á verðlauapalli í karla- og kvennaflokki.

Norðurlandamót unglinga fór fram í febrúar þar sem Matthildur Óskarsdóttir vann til bronsverðlauna í telpnaflokki og setti jafnframt tvö íslandsmet.

Íslandsmótið unglinga og öldunga fór fram í mars þar sem Elín Melgar var stigahæst unglinga.

Evrópumót unglinga fór fram í apríl sl. þar sem Arnahildur Anna Árnadóttir endaði á palli í öllum greinum og með tvö íslandsmet.

Heimsmeistaramót unglinga í bekkpressu fór fram í maí sl. þar sem Fanney Hauksdóttir sigraði í sínum flokki og setti um leið nýtt heimsmet unglinga, 145,5 kg. Hún varð jafnframt stigahæst allra kvenna í unglingaflokki.

Íslandsmeistaramótið í kraflyftingum í opnum flokki fór fram í maí sl. þar sem Grótta varð stigahæsta liðið í kvennaflokki. Jafnframt unnu Gróttukeppendur til fjölda verðlauna og settu fjölmörg met.

Heimsmeistarmótið í klassískum kraftlyftingum fór fram í júní sl. Grótta átti þar fjóra keppendur. Laufey Agnarsdóttir hlaut bronsverðlaun í hnébeygju, bekkpressu og í samanlögðum árangri. Matthiludr Óskrsdóttir bætti íslandsmet telpna í öllum greinum og Elín Melgar vann til silfurverðlauna í bekkpressu í sínum flokki.

Íslandsmeistaramót unglinga í klassískum kraftlyftingum fór fram í júlí þar sem Grótta átti þrjá keppendur og unnu þeir allir til verðlauna í sínum flokkum.

Evrópumót í bekkpressu í opnum flokki fór fram í ágúst. Fanney Hauksdóttir sem keppti á sínu fyrsta móti fullorðinna varð Evrópumeistari kvenna í bekkpressu í 63 kg flokki og setti um leið nýtt heimsmet unglinga í þeim þyndarflokki.

Íslandsmótið í réttstöðulyftu fór fram í september. Þar varð Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir Íslandsmeistari kvenna og lið Gróttu vann liðabikarinn í kvennaflokki.

Íslandsmótið í klassískum kraftlyftingum fór fram í íþróttahúsi Seltjarnarness í október. Um var að ræða fjölmennasta kraftlyftingamót sem haldið hefur verið hér á landi og tókst það með eindæmum vel. Fanney Hauksdóttir setti norðurlandamet unglinga í bekkpressu þegar hún lyfti 100 kg og varð jafnfram fyrsta íslenska konan til að lyfta slíkri þyndgd. Lið Gróttu varð stigahæsta liðið auk þess sem Gróttukeppendur unnu til fjölda verðlauna og settu mörg met.

Bikarmótið í kraftlyftingum fór fram í nóvember þar sem Arnhildur Anna Árnadóttir varð bikarmeistari kvenna auk þess að setja þrjú íslandsmet ásamt fleiri keppendum Gróttu.

Kraftlyfingaárinu lauk með því að Kraftlyftingasamband Íslands útnefndi Fanneyju Hauksdóttur kraflyftingakonu ársins 2015. Þá varð hún jafnframt tilnefnd til íþróttamanns ársins af samtökum íþróttafréttamanna og endaði í 5. sæti í valinu. Er þetta besti árangur sem íslenskur kraflyfingakeppandi hefur náð á þessum vettvangi eftir að kraftlyfingar urðu á ný íþróttagrein innan ÍSÍ.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Erla Kristín Árnadóttir
Formaður kraftlyftingadeildar Gróttu

# Rekstrarreikningur 2015

| Rekstrartekjur | *Skýr.* | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Framlög og styrkir ............................................ | | 750.240 | 379.351 |
| Aðrar tekjur ..................................................... | 3 | 864.414 | 395.766 |
| | | 1.614.654 | 775.117 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Þátttaka í mótum ............................................ | | 156.599 | 227.000 |
| Kostnaður v/mótahalds ..................................... | | 244.073 | 15.000 |
| Styrkir ............................................................ | | 220.000 | 125.000 |
| Búningakaup .................................................. | | 45.882 | 120.760 |
| Ferðakostnaður ............................................... | | 0 | 25.000 |
| Annar kostnaður ............................................. | | 8.929 | 240 |
| | | 675.483 | 513.000 |
| Rekstrarhagnaður | | 939.171 | 262.117 |
| **Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur .................................................... | | 5.551 | 4.893 |
| | | 5.551 | 4.893 |
| Hagnaður ársins | | 944.722 | 267.010 |

# Efnahagsreikningur 31/12 2014

## Eignir

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur ........................................... | | 250.240 | 229.351 |
| Handbært fé .................................................. | | 1.462.673 | 538.840 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.712.913 | 768.191 |
| | | | |
| Eignir samtals | | 1.712.913 | 768.191 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári ........................... | | 768.191 | 501.181 |
| Tekjuafgangur ársins ....................................... | | 944.722 | 267.010 |
| Eigið fé samtals | 4 | 1.712.913 | 768.191 |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 1.712.913 | 768.191 |

# Sjóðstreymi 2015

| Handbært fé frá rekstri | *Skýr.* | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður ársins ..................................................... | | 944.722 | 267.010 |
| Hreint veltufé frá rekstri | | 944.722 | 267.010 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur ............................................ | | (20.889) | (60.154) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (20.889) | (60.154) |
| Handbært fé frá rekstri | | 923.833 | 206.856 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé ............................ | | 923.833 | 206.856 |
| Handbært fé í ársbyrjun ........................................ | | 538.840 | 331.984 |
| Handbært fé í árslok ............................................. | | 1.462.673 | 538.840 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Kraftlyftingadeild Íþróttafélagsins Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð félagsins er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Aðrar tekjur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Auglýsingatekjur .................................................... | 75.000 | 0 |
| Þátttökugjöld .......................................................... | 632.500 | 0 |
| Sjálfsaflafé ............................................................ | 0 | 335.900 |
| Mótatekjur og búningar .......................................... | 124.464 | 0 |
| Aðrar tekjur ............................................................ | 32.450 | 59.866 |
| | 864.414 | 395.766 |

## 4. Eigið fé

| | Uppsafnað frá fyrra ári | Tekjuafg. ársins | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1/1 .................................... | 501.181 | 267.010 | 768.191 |
| Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé .......... | 267.010 | (267.010) | 0 |
| Afkoma ársins ................................. | | 944.722 | 944.722 |
| Eigið fé 31/12 ................................ | 768.191 | 944.722 | 1.712.913 |